

Sameiningarkostir sveitarfélaga á Vestfjörðum

Greinagerð vegna vinnslu tillagna nefndar um sameiningu sveitarfélaga

Inngangur

Í bréfi frá nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins, um sameiningu sveitarfélaga, dags. 19. febrúar 2004 var óskað eftir samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga um vinnslu tillagna um sameiningarkosti. Í kjölfarið sendi Fjórðungssamband Vestfirðinga bréf til allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, dags. 8. mars 2004, þar sem óskað er eftir upplýsingum um lýðfræðilega og stjórnsýslulega þætti sveitarfélaganna. Haft var til hliðsjónar gátlisti sem nefndin og verkefnisstjóri hennar tóku saman (Sjá fylgiskjal 1).


Nefndin á að leggja fram tillögur um breytta sveitarfélagaskipan, með það að markmiði að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði, að teknu tilliti til landfræðilegra og félagslegra aðstæðna á hverjum stað.

Í samantekt þessari koma fram áður nefndar upplýsingar sem fengnar eru frá sveitarfélögunum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og úr skýrslu Bygðarannsóknarstofnunar um Háskólanámssetur á Vestfjörðum sem unnin var fyrir Menntamálaráðuneytið vorið 2004. Einnig var stuðst við gögn sem Bygðastofnun hefur unnið að vegna SVÓT greiningar á Vestfjörðum.

1. Lýðfræðilegir þættir.

Grunnupplýsingar


Þann 1. desember 2003 bjuggu á Vestfjörðum alls 7.837 manns. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru 11 talsins og eru 8 þeirra með færri en 500 íbúa og tvö þeirra með færri en 100 íbúa. Á Ísafirði búa um 53% allra Vestfirðinga eða 4.139, 1.073 eða tæp 14% í Vesturbyggð og í Bolungarvík búa 944 eða um 12% íbúa Vestfjarða. Skipting íbúa eftir einstökum sveitarfélögum er sem hér segir.



Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands 2004

Mynd 1 Mannfjöldi í sveitarfélögum á Vestfjörðum 2003.


Á síðustu tíu árum hefur íbúum fækkað í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum nema Tálknafjarðarhreppi þar sem fjölgun hefur orðið um 0.3%. Fækkun í öðrum sveitarfélögum er mismunandi, langmest fækkun hefur orðið í Broddaneshreppi um 47,1% og í Árneshreppi um 45,6%. Í öðrum sveitarfélögum hefur íbúum fækkað um 15 - 25 % og var mest fækkun á fyrri hluta þessa tíu ára tímabils. Dregið hefur úr fólksfækkun en hún er samt viðvarandi og árið 2003 fækkaði í öllum byggðarkjörnum þar með talið á Tálknafirði en þó hlutfallslega minnst í Ísafjarðarbæ.



Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands 2004

Mynd 2 Mannfjöldabreytingar eftir sveitarfélögum 1994-2003

Aldurs- og kynjasamsetning íbúa á Vestfjörðum víkur talsvert landsmeðaltali ef horft á landið í heild.




Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands 2004

Mynd 3 Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum og Íslandi árið 2003

Hér kemur fram að hlutfall íbúa í aldurshópnum 25 til 39 ára miðað við landið í heild er orðið verulega lægra á Vestfjörðum og sama gildir um hlutfall kvenna á aldrinum 50-64 ára. Ef þessi þróun er skoðuð til síðustu 10 ára þá vekur það athygli hve

hlutfall yngstu aldurshópanna hefur lækkað miðað við landið í heild. Hér er samhengi á milli lækkunar á hlutfalli fólks á barnseignaraldri. Það er einnig rétt að benda á hlutfall kvenna lækkar hraðar en karla í þessum sama aldursflokki. Af þessu má draga þá ályktun að fólksfækkun verði viðvarandi og muni aukast þegar yngsti aldurshópurinn í dag kemst á fullorðinsár.



Heimild: Bygðarannsóknarstofnun Íslands 2004

Mynd 4 Samanburður á kynja- og aldursskiptingu á Vestfjörðum 1994 og 2003.

Atvinnu- og þjónustusókn

Heilbrigðisstofnanir

Á Vestfjörðum eru fjórar heilbrigðisstofnanir, á Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði. Á heilbrigðisstofnunum eru bæði rekstur sjúkrahúss og heilsugæslu en fjölbreytni í starfsemi er mismunandi, þannig eru sjúkrahús í Bolungarvík og Hólmavík með megináherslu á rekstur langlegudeildar fyrir aldraða.

Heilsugæslustöðin á Ísafirði veitir almenna heilsugæsluþjónustu fyrir íbúa í Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ. Læknar heilsugæslunnar hafa viðtalstíma í hverri viku í Súðavík og á Suðureyri, en vanalega er fastur læknir á Flateyri og Þingeyri. Heilsugæslustöðin á Hólmavík þjónar íbúum úr Djúpi, norður í Árneshrepp og suður í Bitrufjörð. H-starfsstöð er í Norðurfirði þar sem læknir er með viðtalstíma tvisvar í mánuði en einnig er móttöka í Drangnesi einu sinni í mánuði. Á Reykhólum er einnig H-stöð útfrá heilsugæslunni í Búðardal. Heilsugæslustöðin á Patreksfirði veitir alla almenna þjónustu fyrir íbúa Vestur Barðastrandasýslu auk þess sem læknar eru reglulega með viðtalstíma í Krossholti, á Bíldudal og Tálknafirði.

Undir starfssvið Fjórðungssjúkrahússins fellur öll starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ sem ekki heyrir undir heilsugæsluna. Sjúkrahúsið er samtímis fjórðungssjúkrahús sem þjónar íbúum Vestfjarða.

Öldrunarstofnanir á Vestfjörðum eru Dvalarheimilið Hlíf á Ísafirði, Barmahlíð á Reykhólum og Öldrunarheimilið Sólborg á Flateyri. Þjónustuíbúðir eru á Patreksfirði og dagvist á Læk á Bíldudal. Sjúkraskýli eru á Þingeyri og Suðureyri.

Sýslumenn

Á Vestfjörðum eru fjögur sýslumannsembætti; á Ísafirði, Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði. Embætti sýslumannsins á Ísafirði nær frá Langnesi við Arnarfjörð, inn Djúp og yfir á Geirólfsgnúp, samtals um 3.200 ferkílómetrar. Þéttbýlisstaðir eru Ísafjörður, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Súðavík. Lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Bolungarvík nær eingöngu yfir sveitarfélagið. Lögsagnarumdæmi Sýslumannsins á Hólmavík er Strandasýsla, frá Holtavörðuheiði og norður í Ófeigsfjörð á Ströndum, alls 3.500 ferkílómetrar. Á miðri Þorskafjarðarheiði, Tröllatunguheiði og Steinadalsheiði er farið yfir í umdæmi Sýslumannsins á Patreksfirði, og á Laxárdalsheiði yfir í umdæmi Sýslumannsins í Búðardal. Helstu þéttbýlisstaðir eru Hólmavík, Drangsnes og Borðeyri í Hrútafirði. Umdæmi Sýslumannsins á Patreksfirði er um 2.700 ferkílómetrar að stærð, fyrir utan all flestar eyjar á Breiðafirði sem tilheyra einnig umdæminu. Sveitarfélögin eru Vesturbyggð, sem hefur byggðakjarnana Patreksfjörð, Bíldudal og Krossholt á Barðaströnd, Tálknafjarðarhreppur með byggðkjarna á Tálknafirði og Reykhólahreppur með byggðakjarna á Reykhólum.

Grunnskólar

Á Vestfjörðum eru 14 grunnskólar. Eftirtaldar skólaskrifstofur sjá um sérfræðiþjónustu og /eða faglega rekstrarstýringu skóla og /eða bera ábyrgð á henni. Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar (Ísafjörður, Suðureyri, Súðavíkurreppur, Flateyri, Þingeyri og Bolungarvíkurkaupstaður), Reykhólahreppur og Vesturbyggð (Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur). Grunnskólar í Strandasýslu hafa sótt sérfræðiþjónustu í Borgarnes.

Tafla 1 Grunnskólar á Vestfjörðum

Skóli	Bekkjardeildir	Gjöld í þús. kr	Fjöldi nemenda	Stöðugildi samtals
Grunnskóli Bolungarvíkur	1-10	116,201	144	27,7
Grunnskóli Öndarfjarðar	1-10	27,105	35	6,7
35Grunnskólinn á Ísafirði	1-10	232,420	558	66,9
Grunnskólinn á Suðureyri	1-10	31,727	57	9,6
Grunnskólinn á Þingeyri	1-10	49,390	59	9,7
Reykhólaskóli	1-10		47	8,5
Grunnskólinn á Tálknafirði	1-10	45,558	62	10,3
Grunnskóli Vesturbyggðar	1-10	144,219	168	28,2
Súðavíkurskóli	1-10	31,245	32	6,1
Finnbogastaðaskóli	1-8	12,452	5	2,1
Grunnskólinn Drangsnesi	1-10	27,202	16	3,7
Grunnskólinn Borðeyri	1-6	16,716	8	2,4
Grunnskólinn Broddanesi	1-7	13,506	6	2,0
Grunnskólinn Hólmavík	1-10	60,497	82	15,2
Samtals Vestfirðir		808,238	1279	199,2

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2003

Hólmavíkurhreppur

Einn grunnskóli er rekinn á Hólmavík. Þar sem ekki er heimavist við skólann er um daglegan skólaakstur að ræða frá bæjum í Steingrímsfirði og yfir í Djúp. Lengstur akstur með börn er frá bænum Skjaldfönn, eða um 75 km og er þá farið yfir Steingrímsfjarðarheiði. Við upphaf næsta skólaárs er fyrirhugað að börn úr Broddaneshreppi gangi í grunnskólann á Hólmavík.. Verður þá ekið lengst að frá bænum Broddanesi sem er um 40 km leið, en grunnskóli Broddaneshrepps hefur til þessa verið rekin í Broddanesi.

Súðavíkurhreppur

Hreppurinn rekur einn grunnskóla í Súðavík. Sveitarfélagið rak einnig skóla í Reykanesi en því var hætt undir lok tíunda áratugarins. Daglegur skólaakstur er að Látrum í Mjóafirði sem er um 102 km leið. Einnig eru börn sótt sjóleiðina í eyjuna Vigur á mánudögum og flutt heim á föstudögum en hreppurinn rekur heimavist þá daga sem skóli stendur.

Ísafjarðarbær

Sveitarfélagið rekur fjóra grunnskóla; á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Skólaakstur er milli heimila og skóla á Þingeyri og Ísafirði. Til Þingeyrar er ekið með börn úr Mjólkár í Arnarfirði um 60 km leið yfir Hrafnseyrarheiði. Börn komast í vist á Þingeyri þegar snjóalög hindra akstur. Einnig er ekið allt frá Núpi í Dýrafirði og til Þingeyrar eða 25 km. Skólaakstur til Ísafjarðar er fyrir börn í innanverðum Öndarfirði og auk þess eiga öll börn í hverfum Ísafjarðar rétt til að nýta sér ókeypis almenningssamgöngur til og frá skóla.

Vesturbyggð

Í Vesturbyggð er einn grunnskóli sem skiptist í þrjár deildir sem eru á Patreksfirði, Bíldudal og Birkimel á Barðaströnd. Einn skólastjóri er yfir Grunnskóla Vesturbyggðar, staðsettur á Patreksfirði, en deildarstjórar eru á Bíldudal og Birkimel. Grunnskóli var einnig rekinn í Örlygshöfn en þeim rekstri var hætt vorið 2002 og ganga börn úr sveitinni í skólann á Patreksfirði þar sem þau eru í heimavist á skóladögum.. Skólaakstur er við skólann á Birkimel og er lengst ekið með börn frá bænum Auðshaugi við mynni Kjálkafjarðar eða 39 km. Grunnskóli Vesturbyggðar ásamt Grunnskólanum á Tálknafirði vinna nú saman að tilraun með uppbyggingu sameiginlegs menntanets. Heiti verkefnisins er Dreifmenntaráætlun og er það stutt af stjórnvöldum og sveitarfélögunum.

Reykholahreppur

Einn grunnskóli er rekinn af sveitarfélaginu á Reykhólum. Daglegur akstur er með skólabörn frá Geiradal í austri og Gufudal í vestri. Lengstur akstur er frá Gufudal eða 52 km og þar þarf að fara yfir tvo fjallvegi þ.e. Hjallaháls og Ódrjúgsháls.

Bæjarhreppur

Hreppurinn rekur einn grunnskóla á Borðeyri frá 1.-6. bekk og er daglegur akstur skólabarna í boði en þau sem koma lengst að ferðast um 42 km hvora leið. Börn í 7.-10. bekk ganga í grunnskóla Húnaþings vestra í Laugabakkaskóla og þar er lengstur akstur 75 km frá heimili að skóla.

Bolungarvíkurkaupstaður, Tálknafjarðarhreppur, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur eru hvert og eitt með rekstur eins grunnskóla. Skólaakstur er við alla þessa skóla en fjarlægðir eru innan við 20 km.

Leikskólar

Á Vestfjörðum eru 14 leikskólar. Ísafjarðabær rekur sex leikskóla og Vesturbyggð tvo.

Tafla 2 Leikskólar á Vestfjörðum

Leikskóli	Gjöld í þús kr	Tekjur í þús kr	Fjöldi barna	Stöðugildi samtals
Leikskólinn Glaðheimar - Bolungarvík	23,959	7,106	49	8,5
Leikskólinn Bakkaskjól -Ísafirði	15,374	5,103	25	5,5
Leikskólinn Eyrarskjól-Ísafirði	44,357	15,439	84	16,6
Leikskólinn Grænigarður-Flateyri	14,779	4,733	18	5,7
Leikskólinn Laufás-Þingeyri	14,265	4,958	32	6,9
Leikskólinn Sólborg-Ísafirði	63,952	19,210	96	22,9
Leikskólinn Tjarnarbær-Suðureyri	14,119	3,317	16	4,0
Leikskólinn Vindheimar-Tálknafirði	12,684	2,736	23	3,3
Leikskólinn Araklettur-Patreksfirði	19,352	4,127	40	5,7
Leikskólinn Tjarnarbrekka-Bíldudal	7,368	1,375	15	2,2
Leikskólinn í Súðavík	7,570	1,826	14	2,8
Leikskólinn Drangnesi	2,523	601	6	0,6
Leikskólinn Lækjarbrekka-Hólmavík	19,026	4,136	31	6,1
Leikskólinn Hólabær -Reykholum	*2,996	406	5	1,4

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2002 og 2003

Tónlistarskólar, framhaldsskólar

Á Vestfjörðum eru reknir 6 tónlistarskólar, í Bolungarvík, á Ísafirði, Reykhólum, Tálknafirði og tónskólarnir á Patreksfirði og Hólmavík. Einn framhaldsskóli er á Vestfjörðum, Menntaskólinn á Ísafirði. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn (stofnaður 1970), Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla. Þar með tók skólinn upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs og kennir undir bundnu áfangakerfi. Á haustönn 2003 voru skráðir í dagskóla 350 nemendur. Heimavist er rekin við skólann með rúmlega 40 eins manns herbergjum en árið 2003 voru að jafnaði um 25 nemendur á heimavist.

Á Ísafirði er Fræðslumiðstöð Vestfjarða, sem er sjálfseignarstofnun og er miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum. Haustið 2003 voru um 110 nemar skráðir í fjarnám á háskólastigi á Vestfjörðum í tengslum við Fræðslumiðstöðina. Háskólanemar eru þó væntanlega fleiri í sjálfstæðu námi. Á vegum starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis er unnið að undirbúningi að stofnun Þekkingarseturs sem byggir á útvíkkun á starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Tillaga er um að Þekkingarsetrið taki yfir stjórn þessa háskólanáms og tengingu þess við rannsóknar og þróunarstarf og hafi einnig umsjón með símenntun.

* Reykhólar – tölur frá árinu 2001

Önnur þjónusta

Hér á eftir eru tilgreind ýmis fyrirtæki og stofnanir eftir einstaka sveitarfélögum. Ekki eru um tæmandi skrá að ræða enda einungis ætlað að gefa mynd af þeim fjölbreytileika sem fyrir er.

Ísafjarðarbær:

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í Ísafjarðarbæ á vegum einka- og opinberra aðila. Flestir þessara aðila eru með starfsemi á Ísafirði og sinna þjónustu við íbúa byggðakjarnanna vestan heiða og við Djúp. Dæmi um starfsemi á Ísafirði eru eftirfarandi fyrirtæki og stofnanir, 3x stál, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, ÁTVR, Bifreiðaskoðun Íslands, Búnaðarsamband Vestfjarða, Byggðasafn Vestfjarða, Eimskip, Fiskistofa/veiðieftirlit, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjölmenningssetur á Vestfjörðum, Flugfélag Íslands, Flytjandi, Flutningamiðstöð Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Funi endurvinnslustöð, Hafrannsóknarstofnun, Héraðsdómur Vestfjarða, Hótel Ísafjörður, Hraðfrystihúsið-Gunnvör, Íslandsbanki, Íslandspóstur, Landsbanki, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Mjólkursamlag Ísfirðinga, Netagerð Vestfjarða, Neytendafélag Vestfjarða, Olíufélag útvegsmanna, Olíufélagið Esso, Olíuverslun Íslands, Orkubú Vestfjarða, Póls, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Rauði kross Íslands svæðisskrifstofa, Ríkisútvarpið, Siglingastofnun Íslands, Síminn, Sjóvá-Almennar, Skattstofa Vestfjarða, Sparisjóður Vestfirðinga, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum, Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, Tannlæknastofan, Tryggingarmiðstöðin umboð, Tækniþjónusta Vestfjarða, Tölvuþjónustan Snerpa, Vátryggingarfélag Íslands hf, Vegagerðin, Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen hf. Einnig eru eru fjölmörg önnur fyrirtæki og þjónustuaðilar s.s vélsmiðjur, bifreiðaþjónustur, rafverktakar, byggingaverktakar, lögfræðingar- og endurskoðendur, fiskmarkaðir, gistiheimili o.fl

Á Ísafirði eru ýmsar verslanir og önnur þjónusta sem íbúar af öðrum svæðum sækja s.s Samkaup, Bónus, Húsasmiðjan, Apótekið, Efnalag. Á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri eru söluskálar og litlar matvöruverslanir, Sparisjóður Vestfirðinga, aðalskrifstofa og útibú, útibú frá Íslandspósti og ýmis fyrirtæki og verktakar. Með göngum undir Breiðadals og Botnsheiði eflidist starfsemi á Ísafirði en jafnframt dró úr starfsemi aðila í öðrum byggðakjörnum, dæmi eru verslanir Bónus, Samkaups og Húsasmiðjunnar. Á öllum þessum stöðum er kjarni atvinnulífs myndaður um fiskvinnslufyrirtæki, Fjölnir hf á Þingeyri, Kambur ehf á Flateyri, Fiskvinnslan Íslandssaga ehf og Klofningur ehf á Suðureyri.

Bolungarvík:

Bakkavík hf, Gná hf, Fiskbitar ehf, Jakob Valgeir ehf, Sparisjóður Bolungarvíkur, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Íslandspóstur, Náttúrustofa Vestfjarða, Ratsjárstofnun, Sparkaup, Verslun Bjarna Eiríkssonar, Valli bakari, Vélsmiðja Bolungarvíkur, Vélsmiðjan Vík ehf, smábátaútgerðir ýmist í eigu einkahlutafélaga eða einstaklinga.

Súðavík:

Sparisjóður Vestfirðinga, Hraðfrystihúsið Gunnvör, veitingastaður og matvöruverslun, sumarhúsaleigur, byggingaverktakar og bíla og vélþjónustur.

Hólmavík:

KB banki, Hólmadrangur, Íslandspóstur, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Löggiltir endurskoðendur (útibú), Orkubú Vestfjarða, Sauðfjársetur, Sparisjóður Strandamanna, upplýsingamiðstöð, gistiheimili og veitingahús. Einnig eru ýmis fyrirtæki og verktakar s.s vélsmiðja, bifreiðapjónusta, rafverktakar og byggingaverktakar.

Drangsnes:

Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Íslandspóstur, Fiskvinnslan Drangur. Engin starfsemi er á vegum hins opinbera á Drangsnesi en henni er að miklu leyti sinnt frá Hólmavík.

Reykhólahreppur

Þörungavinnslan hf, Kaupfélag Króksfjarðarnes, Sparisjóður Vestfirðinga, VÍS umboð, Gistiheimilið Álftaland, Hótel Bjarkalundur, Hlunnindasýning og starfsemi Reykhólahrepps, matvöruverslanir, auk annarrar þjónustu s.s. flutningafyrirtæki og jarðverktaki.

Vesturbyggð:

Öll opinber þjónusta á vegum ríkisins, fyrir sunnanverða vestfirði, er á Patreksfirði. Fyrir utan þá þjónustu sem greint var frá hér að framan er Tryggingastofnun ríkisins með umboð á Patreksfirði og Byggðastofnun hefur verið með starfstöð á Patreksfirði.. Á Patreksfirði er einnig Sparisjóður Vestfirðinga, Íslandspóstur, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Oddi ehf, Fiskivon, Fiskmarkaður Vestfjarða, Vélsmiðjan Logi, lyfjaverslunin Lyfja, Landflutningar, Flytjandi, Olíuverslun Íslands, Skeljungur, Vátryggingafélag Íslands, Sjóvá-Almennar umboð, auk nokkurra minni fiskverkana. Einnig nokkur gistiheimili, matvöruverslun, hársnyrtistofur, söluturnar, veitinga og kaffihús, gjafavöru- og húsbúnaðarverslanir og blómabúð. Ýmis önnur þjónusta er í boði s.s. bifreiðapjónusta, byggingavöruverslun, steypustöð og margvísleg þjónusta iðnaðarmanna. Í Örlygshöfn er Minjasafnið Hnjóti, Hótel Flókalundur í Vatnsfirði og Ferjan Baldur á Brjánslæk. Á Bíldudal er flugvöllur fyrir svæðið og þjónusta á vegum Íslandsflugs. Þar er einnig Sparisjóður Vestfirðinga og póstafgreiðsla, Rækjuver, Bílddælingur, MÍR hausapurkrun, fiskmjölið, Melódiur minninganna, Lás ehf verktakar, Olíuverslun Íslands, vélaleiga, söluturnar, veitinghús, kaffihús, gistiheimili og gjafavöruverslun,

Tálknafjörður

Sparisjóður Vestfirðinga og pósthjónusta, Þórsberg ehf, Tálkni ehf, Eyrar ehf, Fiskmarkaður Tálknafjarðar, Vélsmiðja Tálknafjarðar, veitinga- og kaffihús, verslun, bókhaldsþjónusta, bifreiðaskoðun og -þjónusta, gistiheimili, gjafavöruverslun og handverkshús.

Helstu verslunar og þjónustukjarnar

Miðstöð verslunar og þjónustu á Vestfjörðum er á Ísafirði en litlar verslanir og þjónusta er á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Aðrir byggða- og þjónustukjarnar eru á eftirtöldum stöðum: Bolungarvík, Súðavík, Hólmavík, Drangsnesi, Patreksfirði, Bíldudal, Tálknafirði og á Reykhólum.

Samgöngumál

Vestfirðir afmarkast með nokkuð skýrum hætti frá öðrum landshlutum og mynda því í huga margra eina heild. Samgöngur innan svæðisins eru hins vegar um margt frekar torveldar, sérstaklega að vetrarlagi og því ekki hægt að líta á Vestfirði sem eitt samgöngusvæði heldur í raun fjögur svæði; norðanverðir Vestfirðir, Vestur Barðastrandasýsla, Reykhólahreppur (Austur Barðastrandasýsla) og Strandasýsla. Sennilega er óhætt að fullyrða að samanburður milli samgöngukerfisins á Vestfjörðum og víðast annarsstaðar á landinu sé svæðinu í óhag. Eftir að mikilvægi landssamganga hefur aukist á síðustu árum myndu ýmsir jafnvel ganga svo langt að telja þær ófullnægjandi í nútíma samhengi og séu hluti skýringar fyrir hinni neikvæðu þróun atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum.



Mynd 5 Helstu vegir á Vestfjörðum árið 2003

Markmið Vestfirðinga í samgöngumálum hafa lengi verið skýr, en þau eru að samgöngur innan Vestfjarða verði að sömu gæðum og aðrir stofnvegir landsins og geti þannig þjónað því hlutverki sínu að efla innviði svæðisins og tengsl þess við aðra landshluta. Þrátt fyrir mikilvæg skref í þessu verkefni er verulega langt í land að þessu markmiði verði náð. Niunda og tíunda áratuginn var lögð áhersla á tengingu byggðakjarna s.s. með göngum undir Breiðadals og Botnsheiði, þverun Öndarfjarðar og Dýrafjarðar, nýja vegi um Hálfán, Mikladal og Kleifaheiði (lauk þó ekki fyrr en 2003), veg um Steingrímsfjarðarheiði (tvíbreiður vegur 2003).



Mynd 6 Bundið slitlag á vegum á Vestfjörðum 2003 (Vegagerðin 2003)

Núverandi verkefni er tenging atvinnusvæða við þjóðveg nr 1, stærstu verkefnin eru Djúpið og leiðin milli Flókalundar og Bjarkalundar. Hér er verið m.a. að endurbyggja vegi sem eru í bland allt frá sjötta til níunda áratugarins. Samkvæmt samgönguáætlun á þessu verkefni ekki að ljúka fyrr en 2014 en aukafjárveiting á árinu 2003 flýttir verkefninu um 1 – 1,5 ár. Vegalengd frá Ísafirði til Reykjavíkur að vetrum er í dag um 490 km, yfir sumartíman er vegalengd um 440 km (um Djúp og Þorskafjarðarheiði) eða 460 km vestur heiðar um þjóðveg 60. Heilsársveg frá Ísafirði mögulegt er að stytta frá 40 til 100 km. Annarsvegar er þá farið um þjóðveg 61 og um Arnkötludal, stytta það vegalengd um 40 km, heildarvegalengd 450 km og mögulegt er að stytta hana enn um 15 km, með þverun Hestfjarðar. Hinsvegar er hægt að stytta leið um þjóðveg 60 um allt að 65 km, með jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og áfram undir Dynjandisheiði og í Vatnsfjörð, þaðan austur Barðastrandasýslu með þverun fjarða, heildarvegalengd um 395 km. Vegur yrði þá að meginhluta á láglendi og þannig næst stytting núverandi heilsársvegar frá Ísafirði um allt að 100 km (sjá einnig umfjöllun um styttingu leiðar til Patreksfjarðar).

Vegalengd frá Patreksfirði til Reykjavíkur er í dag 403 km, mögulegt er að stytta hana um 10 - 15 km með þverun Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar, en mikilvægast er að þá fækka einnig fjallvegum (Ódrjúgsháls og Hjallaháls) um úr fjórum í tvo. Vel framkvæmanlegt er síðan að gera jarðgöng undir Klettháls og fækka fjallvegum um einn til viðbótar. Frá Hólmavík er vegalengd til Reykjavíkur um 273 km og mögulegt að stytta hana niður í 230 km (um Arnkötludal). Frá Reykhólum er lengd vegar orðin um 230 km og breytist lítið úr þessu eftir þverun Gilfjarðar (1996).

Heilsárssamgöngur á milli atvinnusvæða Vestfjarða eru háðar jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og undir Dynjandisheiði, veglengd milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar yrði þar um 130 km. Hér er Hrafnseyrarheiði sérstakur farartálmi á vetrum vegna snjóá og snjóflóðahættu, Dynjandisheiði er langur fjallvegur (30 km) en lítil hættu af snjóflóðum en snjóalög geta verið mikil að norðanverðu. Af öðrum samgöngubótum er mikilvægt að hraðað verði endurbótum á vegi frá Djúpvegi til

Drangsness, en Drangnes er einn fárra þéttbýlisstaða á landinu sem ekki er tengdur við þjóðvegakerfið og við þjónustukjarna (Hólmavík) með vegi með bundnu slitlagi og hluti hans er háður verulegum þungtakmörkunum hluta ársins. Annað brýnt verkefni er áframhald á endurbótum á vegi norður í Árneshrepp, hluti þeirra endurbóta fellur saman með endurbótum á vegi til Drangsness.

Almenningssamgöngur innan Vestfjarða byggjast nær eingöngu á vegakerfinu. Áætlunarbílar aka eingöngu á sumrin, en innan Ísafjarðarsýslna eru almenningssamgöngur á milli allra byggðakjarna, þéttust tíðni er innan Ísafjarðarbæjar.

Sem víða um land eru hafnir á Vestfjörðum lífæðar byggðarlaga og til skamms tíma kappkostuðu sveitarfélög að byggja upp hafnarmannvirki sem þjónað gætu sífellt stærri fiski- og vöruflutningaskipum. Síðustu ár hefur rekstrarumhverfi hafna hinsvegar tekið stakkaskiptum. Breytingarnar má einkum rekja til samdráttar í fiskveiðum og lönduðum afla og þess að mjög hefur dregið úr sjóflutningum, en vörur eru þess í stað fluttar landleiðina. Tekjur flestra hafna hafa því farið minnkandi og er rekstur þeirra víða erfiður þó svo að ýmis sóknarfæri séu í sjónmáli, einkum í ferðaðþjónustu. Mikil viðhaldsverkefni eru orðin aðkallandi m.a. endurnýjun stálþilja. Áætlun flutningsskipa Eimskipa er á Patreksfjörð og Ísafjörð, flutningur er á Þingeyri, Bolungarvík og Hólmavík eftir verkefnum hverju sinni. Nú nýverið hóf nýtt flutningafyrirtæki siglingar á milli Reykjavíkur og hafna á Vestfjörðum, föst áætlun er í mótun en miðað er við að þjónusta allar hafnir ef flutningur er fyrir hendi.

Aðgangur að gagnaflutningskerfum í grunn-neti Símans hf. er takmarkaður við stærri þéttbýliskjarna. Þannig er ADSL- þjónusta einungis í boði á Ísafirði, í Bolungarvík, á Patreksfirði og í Tálknafirði. Þó hafa einkafyrirtæki, sem bjóða internetþjónustu, víða boðið upp á háhraðatengingar um þráðlaus netkerfi (örbylgjusambönd) þar sem ekki er völ á slíkum tengingum hjá Símanum hf. Dreifikerfi RÚV þarf að bæta til muna hvort heldur litið er til sjónvarps eða útvarps. Horfa ber til þess að útsendingar RÚV eru hluti af öryggiskerfi landsins..

Einn mikilvægasti öryggisþáttur í strjálbýli er aðgangur að farsímakerfum. Íbúar í dreifbýli eru flestir meðvitaðir um hve takmörkuð útbreiðsla GSM kerfisins er og notfæra sér því gamla NMT kerfið. Sama verður ekki sagt um þá sem ókunnugir eru staðháttum, t.d. ferðamenn. Með aukinni sókn ferðamanna til Vestfjarða leiðir þessi staða því til mun minna öryggis en ásættanlegt er. Til dæmis er ekkert GSM samband á Djúpvegi (þjóðvegi 61), frá Álftafirði að Hólmavík og þaðan suður í Hrótafjörð. Sömu sögu er að segja af Vestfjarðavegi (þjóðvegi 60) frá Þingeyri að Reykhólum. GSM samband í Barðastrandasýslu er óvíða, milli þéttbýlisstaða og í sveitum, auk þess sem ekki er samband nema á einum stað frá Vatnsfirði og suður til Reykhóla. Það er því nauðsynlegt er að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun, til að ráða bót á þessum aðstæðum.

Viðurkenndum flugvöllum og landingarstöðum á Vestfjörðum hefur fækkað mjög hratt á síðustu tveimur áratugum, úr því að vera 27 talsins niður í einungis níu. Af þeim níu völlum, sem Flugmálastjórn viðurkennir og heldur við, teljast fjórir áætlunarflugvellir. Þeir eru: Bildudalsflugvöllur, Gjögurflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur með Þingeyrarflugvöll sem skilgreindan varaflugvöll. Hinir fimm eru: Patreksfjarðarflugvöllur, Reykjanesflugvöllur, Arnargerðareyrarflugvöllur,

Hólmavíkurflugvöllur og Reykhólaflugvöllur. Þessir vellir þjóna sjúkra- og leiguflugi ásamt almennu einkaflugi.

Ísafjarðarflugvöllur er umsvifamestur þeirra valla sem teljast til áætlunarflugvalla á Vestfjörðum. Vegna legu flugvallarins er einungis hægt að fljúga þangað sjónflug og er það verulegur ókostur yfir dimmustu vetrarmánuði. Einnig kemur til að veður hamli flugi til Ísafjarðar, einkum vegna hliðarvinds á brautina. Því er afar brýnt að Þingeyrarflugvöllur, sem varaflugvöllur, verði endurbættur þannig að hann nýist sem skyldi. Fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við völinn og er brýnt að þær gangi eftir samhliða því að settur verði upp viðurkenndur aðflugsbúnaður.

Stjórnvöld styrkja flugsamgöngur á þeim leiðum sem ekki gefst kostur á öðrum heilsárssamgöngum. Sérstaða Gjögurflugvallar er ótvíræð en flug til og frá Gjögri er eina heilsárssamgönguleiðin fyrir íbúa svæðisins. Því verður að tryggja öruggar flugsamgöngur á þeirri leið allt árið um kring. Opinber stuðningur við flug til Bíldudals er einnig nauðsynlegur vegna smæðar markaðarins.

Atvinnumál


Ársverk.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunar varð fækkun á Vestfjörðum í fjölda starfandi fólks á tímabilinu 1998-2003 eða um 7% og er það mesta fækkun á landsvísu. Á sama tíma fjölgað starfandi fólki á vinnumarkaði um 7% á landsvísu, en fjölgunin varð þó mest á höfuðborgarsvæðinu eða 11% en þegar litið er á landsbyggðina þá var fjölgunin þar 2%. Einnig má greina breytingar á aldurssamsetningu starfandi fólks Vestfjörðum því árið 1998 var hlutfall yngsta aldurshópsins, þ.e. 24 ára og yngri 23% af starfandi fólki en var komið niður í 21% árið 2002. Að sama skapi hefur hlutfall 35-64 ára fólks hækkað eða úr 52% í 54% af starfandi fólki.

Litið til atvinnugreina árin 1998-2002 þá fækkar fólki í frumvinnslugreinum (landbúnaði og sjávarútvegi) um 8% og iðnaði um 4% en fjölgar í þjónustugreinum um 13%, og hefur mikil aukning í fasteigna- og viðskiptaþjónustu (39%) þar mest áhrif sem og aukning í fræðslustarfsemi (22%). Á Vestfjörðum varð fækkunin í frumvinnslugreinum 30% eða sú mesta á landsvísu.

Meðaltekjur

Meðaltekjur á Vestfjörðum voru fram að lokum tíundaáratugarins yfir landsmeðaltali. Veruleg breyting verður þá á og hafa meðaltekjur lækkað undir landsmeðaltal og er þá sama til hvaða atvinnugreinar litið er til. Minnstur er munurinn í iðnaði og fiskvinnslu en mesta athygli vekur að hann er mestur þegar horft er til fiskveiða sem hefur þó verið aðalatvinnuvegur Vestfirðinga. Á sama tíma hækka meðallaun á höfuðborgarsvæði verulega.



Mynd 7. Meðaltekjur eftir atvinnugreinum og svæðum 2002 (Byggðastofnun 2004 úr gögnum Hagstofu).

Sameiningarkostir á Vestfjörðum og viðhorf íbúa.

Sameiningar sveitarfélaga 1987-2004

Frá árinu 1987 hefur sveitarfélögum á Vestfjörðum fækkað um 17 eða úr 28 í 11 talsins. Þau eru:

- 1987 Reykhólahreppur varð eitt sveitarfélag úr fimm sveitarfélögum sem voru í A-Barðastrandarsýslu, þ.e. Flateyjarhreppur, Múlahreppur, Gufudalshreppur og Geiradalshreppur og Reykhólahreppur sameinuðust.
- 1992 Broddaneshreppur varð til úr Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi.
- 1994 Vesturbyggð varð til úr fjórum sveitarfélögum sem áður voru Rauðasandshreppur, Barðastrandarhreppur, Patrekshreppur og Bíldudalshreppur
- 1994 Nauteyrrhreppur sameinast Hólmavíkurhreppi.
- 1994 Ögurhreppur og Reykjarfjarðarhreppur sameinast Súðavíkurhreppi.
- 1996 Ísafjarðarbær varð eitt sveitarfélag sem áður var: Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrrhreppur, Flateyrrhreppur, Mosvallahreppur, Þingeyrrhreppur, og Mýrrhreppur.
- 2003 Kirkjubólshreppur sameinast Hólmavíkurhreppi.

Árið 1994 var felld tillaga um sameiningu allra sveitarfélaga í Ísafjarðarsýslum. Á sama tíma synjuðu íbúar Tálknafjarðhrepps tillögu um sameiningu sveitarfélaganna í Vestur Barðastrandarsýslu. Íbúar Reykhólhrepps felldu tillögu árið 2002 um sameiningu við sveitarfélögin í Dalasýslu.

Sameiningarkostir .

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskaði eftir afstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum til sameiningarkosta og hvort þau gæfu sambandinu umboð til mótun tillögu um sameiningu sem síðan yrði send sveitarfélögum til umræðu að nýju.

Svör sveitarfélaganna er á þann veg að sambandið telur sig ekki geta lagt fram tillögur að sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fjögur sveitarfélög samþykkja að sambandið skoði sameiningarkosti og samvinnu sveitarfélaga þ.e. Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Hólmavíkurhreppur. Fjögur sveitarfélaganna veita ekki slíkt umboð og hafna að sinni umræðum um sameiningu við önnur sveitarfélög, það er Súðavíkurhreppur, Broddaneshreppur, Árneshreppur og Kaldraneshreppur. Bæjarhreppur, Reykhólahreppur og Bolungarvík veita ekki umboð en ætla að skoða sameiningu og eða aukna samvinnu sveitarfélaga. Bæjarhreppur hefur kannað afstöðu íbúa sveitarfélagsins og ef til viðræðna um sameiningu yrði að þeirra mati sameining við Húnaþing vestra fyrsti kostur. Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur hinsvegar samþykkt að gerð verði greining á valkostum sveitarfélagsins, þ.e. óbreytt staða, aukin samvinna eða sameining, er sú vinna komin vel á veg. Reykhólahreppur horfir jafnt til suðurs yfir í Dalabyggð og Saurbæjarhætt, en einnig er verulegur áhugi fyrir þeim möguleika á sameiningu eða samvinnu norður í Steingrímsfjörð, sem opnast með vegi um Arnkötludal

Afstaða íbúa.

Fjórðungssambandið lét framkvæma viðhorfskönnun á meðal íbúa á Vestfjörðum gagnvart sameiningu. Könnunin var gerð af Byggðarannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri og fylgir hún þessari samantekt.

Ef afstaða íbúa er skoðuð í heild er meirihluti hlynntur sameiningu en skiptari skoðanir eru um tímasetningu og er að sjá að íbúar vilji fremur horfa til næsta kjörtímabils. Við skoðun á viðhorfi íbúa innan hinna fjögurra svæða á Vestfjörðum má telja að íbúar í Vestur Barðastrandasýslu séu hlynntastir sameiningu, minna fylgi er þó á Tálknafirði en Vesturbyggð. Í Ísafjarðarsýslum er meirihluti fyrir sameiningu, en sá meirihluti myndast af viðhorfi íbúa Ísafjarðarbæjar sem eru hlynntir sameiningu, á meðan íbúar Bolungarvíkur og Súðavíkur eru henni verulega mótfallnir. Íbúar Hólmavíkurhrepps eru hlynntir sameiningu en íbúar Kaldrananesshrepps eru mjög mótfallnir. Íbúar sveitahreppa eru yfirleitt jákvæðir. Íbúar Reykhólhrepps eru hlynntir sameiningu jafnt norður sem suður fyrir sveitarfélagið.

Almennt virðist sem íbúar stærsta sveitarfélags innan hvers svæðis séu hlynntir sameiningu á meðan íbúar minni sveitarfélaga eru henni mótfallnir. Íbúar vilja einnig hafa lengri aðdraganda að en núverandi kjörtímabil, hér horfa eflaust margir til framkvæmdahraða í samgöngumálum. Einnig er hægt að fullyrða að afstaða sveitarstjórna sé í takt við viðhorf íbúa.

Sameingarkostir / samvinna.

Að þessu sögðu telur þó Fjórðungssambandið að öll sveitarfélögin horfi til aukinnar samvinnu, sem síðan gæti hugsanlega leitt til sameiningar, en aðalforsenda flestra þeirra eru bættar heilsárs landsamgöngur. Hafa ber þó í huga að íbúafæð og langar veglengdir, teygir á ítrustu mörk þess sem hægt er að skilgreina sem heildstætt þjónustussvæði. Ef horft er til lengri tíma (10 – 15 ár) með öllum þeim samgöngubótum sem hér að framan hefur verið rakið, telur sambandið að eftirfarandi kostir kæmu upp á Vestfjörðum, sem Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins getur skoðað.

1. Tvö sveitarfélög:
 - Allir hreppar í Strandasýslu og Reykhólarheppur eitt sveitarfélag með vegi um Arnkötludal (hugsanlega sameinast einnig Saurbæjarhreppi og Dalabyggð.)
 - Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavíkurheppur, Tálknafjörður og Vesturbyggð eitt sveitarfélag.
2. Þrjú sveitarfélög :
 - Allir hreppar í Strandasýslu og Reykhólarheppur eitt sveitarfélag með vegi um Arnkötludal (hugsanlega sameinast einnig Saurbæjarhreppi og Dalabyggð.)
 - Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurheppur eitt sveitarfélag.
 - Vesturbyggð og Tálknafjörður eitt sveitarfélag.

3. Fjögur sveitarfélög:
- Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurbær eitt sveitarfélag.
 - Vesturbyggð og Tálknafjörður eitt sveitarfélag
 - Strandasýslan eitt sveitarfélag.
 - Reykhólahreppur sameinist Saurbæjarhreppi, Dalabyggð og sveitarfélögum á Snæfellsnesi eða í Borgarfirði.

Hugmyndir að öðrum leiðum:

Búa til samvinnulíkan fyrir sveitarfélögin við Djúp til þess að taka við verkefnum frá ríkinu. Treysta samvinnu sveitarfélaga í Strandasýslu með Héraðsnefnd Strandasýslu og fá nefndinni fleiri verkefni. Leggja til að sameina Reykhólahrepp, Saurbæjarhrepp, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit eða búa til sama samvinnulíkan og við Djúp.

Lokaorð.

Hér að framan hefur verið rakið og einnig komið fram á þeim fundum sem haldnir hafa verið á Vestfjörðum um sameiningarmál, að samgöngumálin skipa eðlilega stóran sess við umræður um sameiningu sveitarfélaga. Það mat hefur sett fram að ekki er raunhæft að sameina Reykhólahrepp og Strandir nema með vegi um Arnkötuldal. Einnig hefur verið bent á að gera mætti eitt sveitarfélag úr Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð og Tálknafirði með heilsársvegi. En forsenda þess eru jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og áfram undir Dynjandisheiði. Hér er einnig rétt að tilgreina að vegir milli byggðanna við Djúp liggja um hlíðar þar sem hætta er allt árið á grjóthruni og snjóflóðum á vetrum. Varanleg lausn er ekki framkvæmanleg nema með jarðgöngum á milli þeirra byggðalaga.

Mesta áhyggjuefni er hinsvegar hin viðvarandi fólksfækkun og nú síðast með fækkun í yngstu aldurshópum. Sameining og eða aukin samvinna sveitarfélaga sem felur í sér yfirtöku á verkefnum og stjórnun þeirra í héraði, getur haft áhrif á þessa þróun, með fjölgun opinberra starfa sem eykur um leið fjölbreytni atvinnulífs. Samhliða þarf hinsvegar að auka menntun innan svæðisins og styrkja nýsköpun atvinnulífsins. Með nýsköpun er hér átt við jafnt þróun núverandi atvinnuvega svæðisins og nýrra atvinnugreina.